

**SVAR VIÐ FYRIRSPURN****Viðtakandi:** Velferðarráð**Sendandi:** Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs**Efni: Svar við fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins fjölda heimilislausra sem nýta neyðarskýli Reykjavíkurborgar lengur en þrjá mánuði**

Þann 1. febrúar 2023 lagði fulltrúi Flokks fólksins fram í velferðarráði svohljóðandi fyrirspurn um fjölda þeirra sem nýta neyðarskýli borgarinnar lengur en þrjá mánuði:

Fulltrúi Flokks fólksins óskar eftir að fá upplýsingar um hvort enn sé fjölgun í hópi heimilislausra sem nýta gistiskýlin lengur en þrjá mánuði og hvað sé nákvæmlega verið að gera til að sporna við henni? Í stöðumati stýrihóps um stöðu heimilislausra kemur fram að stefnt sé að því að heimilislaus einstaklingur með miklar og flóknar þjónustufarir dvelji ekki lengur í neyðarskýlum en í 3 mánuði að meðaltali. Það vekur athygli fulltrúa Flokks fólksins að fjöldi þeirra sem nýta skýlin lengur en þrjá mánuði hefur aukist milli áranna 2020 og 2021. Fjöldinn var 34 einstaklingar árið 2020 en fjölgaði í 48 einstaklinga árið 2021. Hefur þessi þróun haldið áfram 2022 eða hefur þróunin færst til betri vegar?

Svar:

Frá árinu 2020 hefur orðið fjölgun í hópi þeirra sem gista 91 dag eða lengur í neyðarskýlum Reykjavíkurborgar, bæði hlutfallslega og þegar horft er á fjölda einstaklinga.

Tafla 1 sýnir þróun gistinátta í neyðarskýlum fyrir karla og konur á árinu frá 2020 – 2022. Þar má sjá að heildarfjöldi þeirra sem nýta neyðarskýlin lengur en 91 dag er 44 einstaklingar árið 2020, heldur áfram að fjölga á árinu 2021 upp í 60 og er orðinn 76 einstaklingar árið 2022.

Tafla 1: Þróun gistinátta í neyðarskýlum fyrir karla og konur 2020-2022

Fjöldi gistinátta	Árið 2020		Árið 2021		Árið 2022	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Minna en 31 dagar	206	65,0%	228	68,1%	249	63,8%
31-60 dagar	43	13,6%	32	9,6%	41	10,5%
61-90 dagar	24	7,6%	15	4,5%	24	6,2%
91-120 dagar	14	4,4%	12	3,6%	18	4,6%
121-200 dagar	17	5,4%	25	7,5%	29	7,4%
201 dagur eða meira	13	4,1%	23	6,9%	29	7,4%
Alls	317	100,0%	335	100,0%	390	100,0%
Dvöl 91 dagur eða meira	44	13,9%	60	17,9%	76	19,5%



Velferðarsvið leitar leiða til að bregðast við þessari þróun. Þeir einstaklinga sem dvelja í neyðarskýlum stóran hluta ársins eru að megin uppistöðu þeir einstaklingar sem þarfnast hjúkrunarþjónustu. Viðræður eru í gangi við heilbrigðisráðuneytið um að þeim einstaklingum verði fundið viðeigandi hjúkrunarúrræði. Í undirbúningi er stofnun neyðarhúsnæðis fyrir þann hóp karla sem dvalið hefur hvað lengst í neyðarskýlum, sem samþykkt var á fundi velferðarráðs 1. febrúar 2023. Vonast er til að það úrræði verði tilbúið hið fyrsta.

Á fundi velferðarráðs þann 1. febrúar sl. var jafnframt samþykkt tillaga stýrihóps um endurskoðun aðgerðaáætlunar með stefnu í málefnum heimilislausra með miklar og flóknar þjónustuparfir, um að hafist verði handa við að útfæra og kostnaðarmeta þrepaskipt úrræði fyrir heimilislausra með miklar og flóknar þjónustuparfir. Með því móti verður hægt að ná aukinni yfirsýn yfir þá húsnæðis/úrræðauppbyggingu sem fram þarf að fara innan málaflokksins.